Námsgrein: Upplýsinga- og tæknimennt 6. bekkur

Tímafjöldi á viku: 1 kennslustund (60 mínútur) á viku.

Kennari: Kiddý Hörn Ásgeirsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag: Unnið í einstaklings- og hópastarfi. Lögð er áhersla á að kynnast umhverfi Microsoft office, vinna í word, powerpoint, excel, one drive og tölvupóst. Nemendur kynnast einnig umhverfi ýmissa forrita þar sem unnið er með myndbandagerð og hljóðvinnslu.

Grunnþættir menntunar:

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Upplýsinga- og miðlalæsi
Sjálfbærni	Unnið með upplýsingasamfélagið og nemendum kennt að fóta sig í því.
Heilbrigði og velferð	Reynt að stuðla að jákvæðum samskiptum og umræða um framkomu bæði í raunheimum og netheimum, þar sem ugað skal að vináttu, virðingu, samhyggð og umburðarlyndi.
Lýðræði og mannréttindi	Með fjölbreyttum vinnubrögðum og kennsluaðferðum leitast kennari við að efla lýðræðislega þátttöku nemenda. Allir hafa rétt til að tjá sig og koma með hugmyndir. Gagnkvæm virðing skal ríkja milli nemenda og kennara og ætlast er til að nemendur beri jafnframt virðingu fyrir þeim tækjum/búnaði sem þeim er treyst fyrir í tölvustofu.
Jafnrétti	Áhersla á að allir séu jafnir, óháð kyni, menningu, fötlun eða öðru.
Sköpun	Nemendur nýta tölvur fyrir þekkingarleit, sjálfstæðar athuganir, beitingu ímyndunarafls, samskipti, flutning og miðlun. Fá tækifæri til að láta hugmyndaflugið ráða í verkefnum.

Heimsmarkmiðin/Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna:



Nemendur öðlist grunnfærni í upplýsingatækni, stafrænu læsi og forritun sem eflir þá til framtíðar og eykur tækifæri þeirra í tæknivæddum heimi.

Nemendur átti sig á áhrifum stafrænnar tækni á andlega vellíðan, læri góða samskiptahætti á netinu (gegn neteinelti) og þekki mikilvægi þess að skapa öruggt og ánægjulegt stafrænt umhverfi fyrir alla.

Áhersla er lögð á að öll kyn fái jöfn tækifæri og hvetjandi umhverfi til að kynnast tækni og forritun.

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Sköpun og miðlun	Word, excel, powerpoint og Canva. Námsefni útbúið af kennara	Að nemendur læri vinnulag og vinnutækni til að geta nýtt sér þessi algengustu forrit við annað nám, leik og starf. Að þjálfa nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum.	✓ Leiðsagnarmat ✓ Virkni í tímum ✓ Ýmis verkefni
Fingrasetning	Námsleikir sem þjálfa fingrasetningu. velritun.is	Að nemendur þjálfist í að beita réttri fingrasetningu á lyklaborð. Að nemendur öðlist færni í að pikka á lyklaborð af nákvæmni og fimi.	✓ Leiðsagnarmat ✓ Virkni í tímum ✓ Ýmis verkefni
Upplýsinga og miðlalæsi	Bókasafn skólans Internetið Ýmis verkefni frá kennara Gervigreind	Að nemendur læri að leita sér fjölbreyttra upplýsinga á skólabókasafni og internetinu. Læri að meta upplýsingar á gagnrýninn hátt.	✓ Leiðsagnarmat ✓ Virkni í tímum ✓ Ýmis verkefni

		Læri að nota heimildir í samræmi við höfundarrétt og sett fram einfalda heimildaskrá.	
Forritun	Code monkey	útskýrt nokkur grunnhugtök forritunar s.s. skilyrðissetningar og breytur. leiðrétt skipanir í forritunarmáli til að ná markmiðum.	✓ Leiðsagnarmat ✓ Virkni í tímum ✓ Ýmis verkefni
Stafræn borgaravitund	Námsefni frá vitundin.is	Að nemendur þekki jafnvægi í stafrænni notkun, fá fræðslu um stafræn fótspor og neteinelti.	✓ Leiðsagnarmat ✓ Virkni í tímum ✓ Ýmis verkefni